

Septem-hópurinn „situr að sumbli" á Kjarvalsstöðum fyrir opnun sýningarinnar. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Guðmunda Andrésdóttir, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Þorvaldur Skúlason, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson.

SEPTEM '80

Hin árvissa SEPTEM-sýning stendur yfir í austursal Kjarvalsstaða, dagana 6.—21. september, en ef ég man rétt þá sagði Valtýr Pétursson frá því í sjónvarpinu, að þetta væri í sjöunda sinn sem þessi sýning er haldin, SEPTEM 80, en að þessu sýningafélagi standa listmálararnir Karl Kvaran, Valtýr Pétursson, Þorvaldur Skúlason, Jóhannes Jóhannesson, Guðmunda Andrésdóttir, Kristján Davíðsson og myndhöggvarinn Sigurjón Ólafsson.

Stöku sinnum hafa þeir svo gesti.

Sagnfræðileg forsenda.

Það er ekki alveg á hreinu með hina sagnfræðilegu forsendu þessarar sýningar, en flestir er þarna sýna, stóðu að svonefndri Septembersýningu, eða Septembersýningum, er haldnar voru árin 1947 og 1948 og síðan 1950 og 1951 í Listamannaskálanum, en þá voru fleiri málarar með en í SEPTEM nútímans, enda sverja Septem menn af sér alla sögulega málamiðlun, telja þetta nýtt sýningafélag og vera alveg án tengsla við September sýningarnar gömlu.

Það fer ekki hjá því að það rifjist upp að þeir er þarna sýna — sumir að minnsta kosti, voru í hópi brautryðjenda í abstraktlist. Að vísu ekki alfyrstir hér á landi, en með þeim fyrstu og allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa átt verulegan þátt í að móta nýjan smekk og viðhorf til lista á Íslandi.

Það sem var óhugsandi fyrir 30-40 árum er nú sjálfsagt og lifið brúsar í æðum myndlistarmanna. Frjálsræði hefur aukist á allar hliðar.

Jónas Guðmundsson

MYNDLIST

Hitt er svo annað mál, hvort SEPTEM-menn eru lengur boðberar mikilla nýjunga í myndlist þó er ávallt nokkur hátíðablær þegar þeir sýna saman, og sýningar þeirra eru með því áhugaverðasta sem gerist í myndlistarsölum höfuðborgarinnar flest árin.

Einstakar myndir.

Þeir félagar hafa þann háttinn á, að skipta með sér salarkynnum hússins, en blanda verkunum ekki saman. Á miðju gólfi eru síðan skúlptúrar Sigurjóns, fimm talsins núna ef rétt er munað. Þeir setja svip á sýninguna, ekki aðeins vegna þess að þær eru áhugaverð myndlistarverk, heldur setja góðar höggmyndir ávallt sérstakan svip á málverkasýningar og auka á unaðinn.

Karl Kvaran er með fjórar myndir. Stórar að venju, og mér þótti mynd hans Andstæður eftirtektarverðust.

Valtýr Pétursson er með 12 myndir og er nú að mestu horfinn að figurativum myndverkum, en stílfærðum þó. Hús við hafið og Rauða kannan þóttu mér bestar, en Valtýr á þó við vissa erfiðleika að stríða á Kjarvalsstöðum því litaval hans er svo nærri vegg litunum í húsinu, að myndir hans njóta sín ekki eins vel og t.d á hvítum veggjum Norræna-hússins.

Þorvaldur Skúlason er á sömu miðum og síðast, en ein mynd, Rautt form yfirskyggir þó hinar, er hreint afbragð.

Jóhannes Jóhannesson hefur tekið nokkrum breytingum. Besta mynd hans að voru mati er Dulúð, sem er ákaflega sterk. Mynd eins og Glæður er of margbrotin (og reyndar ýmsar aðrar) að gerð hálfgerð mósaik án sýnilegra áhrifa. Ef til vill greinum við afturhvarf í mynd eins og Dulúð, að þar sé málarann sjálfan meira að finna fremur en í öðrum myndum. En örðugt er að sanna það.

Guðmunda Andrésdóttir er með endurtekið þema í ýmsum tilbrigðum í sínum myndum en það form er hún velur sér, rúmast naumast á myndinni, það er eins og allt hafi ekki komist fyrir.

Kristján Davíðsson er við sama heygarðshornið, nema í sumum myndunum er ekki sá tærleiki er oft eru bestu einkenni verka hans, Flæðarmál og Fjallaferðaleiðangur eru indælar myndir og bleik mynd við inngang er skemmtileg.

Skúptúrar Sigurjóns eru góðir að vanda. Hann tekur ekki fyrir vitin á efniviðnum og varnar honum máls, heldur vinnur áfram við hina náttúrlegu sköpun og eykur við.

Yfir myndum hans er í senn sterk ögn og upplifun.

SEPTEM í ferðalög

Einhver sagði mér að SEPTEM hyggðist bregða út af vananum næsta ár og halda næstu sýningu sína norður á Akureyri. Það er ágæt hugmynd, þótt vitanlega sé vont að missa sýningar alfarið af Stór-Reykjavíkursvæðinu. En þetta er í takt við tímann. Ferðalög eru auðveldari nú, en þau voru fyrir nokkrum áratugum. Kannske ætti svona sýning einmitt að vera farandsýning, því víða um land eru nú til húskynni, er hýst geta með góðu móti sýningar af þessari stærð. Það væri lyftistöng fyrir myndlistarlífið í landinu.

Jónas Guðmundsson.

Tilboð óskast í

1. Flutningarvagn (tveggjahásinga) með 40 tonna burðagetu.

2. Dráttarstól. (dolly) á einum öxli.

3. Bedford vörubifreið árgerð 1972. (dísel) með sturtum.

Tækin verða til sýnis þriðjudaginn 16. september milli kl. 12.00 15.00 að Grensásvegi 9.

SALA VARNARLIÐSEIGNA

Pétur Guðjónsson á ferðalagi í NEW YORK



Í New York gefur að líta alla heimsbyggðina í hnotskurn. Þar eru öll þjóðerni, öll trúarbrögð, öll form húsagerðarlistar, öll þjóðerni matargerðar, allt vöruúrval heimsins, mestur fjöldi skýjakljúfa, er gefur borginni þann stórkostleik, er fyrirfinnst aðeins í New York. Heimsókn á topp **Empire State**-byggingarinnar, **R.C.A.**-byggingarinnar eða **World Trade Center,** 110 hæðir, opinberar hvað bezt þennan einstæða stórkostleik. World Trade Center, með heilu verzlunarhverfi neðanjarðar, er syðst á Manhattan-eyjunni, langri og mjórri, liggjandi frá norðri til suðurs, en hjarta New York-borgar er á henni. Hið fræga **Wall Street,** sem er líka samnafn fyrir stærsta fjármagnsmarkað heimsins, er hér. Hér rísa risabankarnir í eigin skýjakljúfum, og hér er stærsta kauphöll heimsins, New York Stock Exchange. Þar gefur að líta, hvernig jafnvel smæsti fjármagnseigandi getur orðið eigandi og þátttakandi í stórfyrirtækjum Bandaríkjanna. **Federal Hall** er í Wall Street með minjagripum frá embættistöku George Washington, fyrsta forseta Bandaríkjanna. **Trinity Church,** ein elzta kirkja í New York, er við enda Wall Street.

China Town er nokkuð til austurs, kínverskt hverfi í miðri New York með austurlandamat og austurlenzkt vöruúrval. Nokkuð til norðurs er **Washington Square,** aðaltorg í **Greenwich Village,** sem er listamannahverfi New York. Þúsundir skapandi listamanna eiga hér heimkynni, og hér eru haldnar stórar og litríkar útisýningar. Stórkostleg listasöfn eru í New York. Frægast er **Metropolitan Museum of Art** á 5. breiðgötu í Central Park. Önnur listasöfn, **Frick Collection, Guggenheim,** og **Museum of Modern Art** eru með stöðugar farandsýningar. **Madison-breiðgatan** ofan við 60. götu býður upp á fjölda lítilla sölusýninga (galleries). **Central Park,** Miðgarður, er stór trjágarður á miðri Manhattan-eyju. Hann gefur að deginum í góðu veðri tækifæri til skógargöngu í miðri stórborginni. Í honum er dýragarður. Rétt frá suð-vesturhorni Miðgarðs er **Lincoln Center** með Metropolitan-óperunni, leikhúsi og tónlistarhöll. Þar eru fluttar óperur og haldnir hljómleikar og þar fara fram sýningar á leikritum og listdansi samtímis.

Nú skal haldið á 5. breiðgötu miðja og skoðuð **St. Patricks**-dómkirkjan, gotneskt listaverk í hæsta gæðaflokki. Við hlið hennar er hið fræga vöruhús **Sack's 5th Avenue.** En andspænis henni er **Rockefeller Center,** samsafn stórbygginga byggðra um 1930, neðanjarðar verzlunarhverfi og skrifstofur Flugleiða. Þetta eru áhugaverðir stoppistaðir á leið okkar til aðalbyggingar **Sameinuðu þjóðanna,** eins af fyrstu stórverkum húsagerðarlistar úr málmi og gleri. Kynnisferðir eru farnar um aðsetrið og upplýsingar gefnar um starfsemi SÞ.


Ekkert jafnast á við ameríska steik, það vita þeir, sem kynnzt hafa. **Pen and Pencil** og **The Palm** eru frægir steikarstaðir. Í hádegismat er skemmtilegt að fara á Sexurnar, **666,** 5. breiðgötu, **Rainbow Room** í RCA-byggingunni og **Windows of the World** í World Trade Center (laugard. sunnud. og á kvöldin), allir staðirnir á efstu hæð skýjakljúfa með ógleymanlegu útsýni yfir borgina. Einnig í **Tavern on the Green,** (Crystal room) í Central Park. Snöggur lúxushamborgari á **J.P. Clark** á 3. breiðgötu. Á sunnudögum iðar allt af lífi í verzlunargötunni **Grant Street** í gyðingahverfinu á **Lower Eastside.** Þar má gera reyfarakaup. Vöruhús eru **Macy, Gimbles,** og **Alexanders.** Hærri gæðaflokkar eru í **Bloomingdales, B. Altman, Sacks 5th Avenue.**

Til hvíldar frá stórborginni eru bátsferðir til **Liberty Island** þar sem Frelsisstyttan er eða hringferð með bát um Manhattan-eyjuna. Einnig ganga fljótaskip upp Hudson-fljótið. Við það stendur **West Point Military Academy,** sem er frægasti herfræðiháskóli Bandaríkjanna. Fræg nöfn nemenda: Mac Arthur, Patton, Eisenhower. Í minjasafninu er veldissproti Görings. Á austurbakka árinnar í Hyde Park eru heimili Roosevelts og Vanderbilts, sem eru áhugaverð söfn í dag.

Ef fara á aðeins stutta ferð í frið og kyrrð þarf ekki út fyrir Manhattan-eyju að fara, því í **Fort Tryon Park** er **The Cloisters,** einstætt safn franskrar og spánskrar miðaldalistar. Þarna er safni upprunalegra herbergja með upprunalegum listaverkum komið fyrir í byggingum sem minna á miðaldaklaustur.

Í sambandi við New York-ferð væri tilvalin 3ja daga ferð til Washington, einnar fegurstu og sérstæðustu borgar heimsins.







Ef þú hyggur á ferð til NEW YORK geturðu klippt þessa auglýsingu út og haft hana með, það gæti komið sér vel.

FLUGLEIÐIR

Auglýsið í Tímanum